



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM VÖRPUN LÁNSHÆFISMATS VIÐ ÚTREIKNING Á
EIGINFJÁRKRÖFUM VEGNA ÚTLÁNAÁHÆTTU OG VERÐBRÉFUNAR



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM INNLEIÐINGU REGLUGERÐA
VARÐANDI VÖRPUN LÁNSHÆFISMATS VIÐ ÚTREIKNING
Á EIGINFJÁRKRFUM VEGNA ÚTLÁNAÁHÆTTU OG
VERÐBRÉFUNAR

2021 nr. 14

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 15. september nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um innleiðingu reglugerða varðandi vörpun lánsþæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáættu og verðbréfunar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáættu á grundvelli staðal-aðferðar í samræmi við 2. kafla, bálk II í III. hluta reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármála-fyrirtækja, nr. 233/2017, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglurnar gilda einnig um fjármála-fyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur fyrir verðbréfaðar stöður í samræmi við 5. kafla, bálk II í III. hluta sömu reglugerðar.

2. gr.

Vörpun lánsþæfiseinkunna lánsþæfismatsfyrirtækja yfir í þrep útlánaættu.

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjárkröfur vegna útlánaáættu skal varpa lánsþæfiseinkunn frá lánsþæfismatsfyrirtæki yfir í þrep útlánaættu samkvæmt ákvæðum reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjárkröfur vegna verðbréfunar skal varpa lánsþæfiseinkunn frá lánsþæfismatsfyrirtæki yfir í þrep útlánaættu samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánsþæfiseinkunna lánsþæfismatsfyrirtækja vegna útlánaáættu í samræmi við 1. og 3. mgr. 136. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801 frá 11. október 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánsþæfiseinkunna lánsþæfismatsfyrirtækja vegna verðbréfunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/634 frá 24. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáættu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækja samsvarar lánsþæfisþreppunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 388-394.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2028 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáættu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækja samsvarar lánsþæfisþreppunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2021 frá 19. mars 2021.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799, 2016/1801 og 2019/2028 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R1799>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 275, þann 12. október 2016, bls. 3-18;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R1801>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 275, þann 12. október 2016, bls. 27-33;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32019R2028>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 313, þann 4. desember 2019, bls. 34-40.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í b-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 963/2017 um tæknilega staðla um vörpun lánsþæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum á grundvelli staðalaðferðar og vegna verðbréfunar.